



Innkaupa- og framkvæmdaráð

EES útboð nr. 16133 – Grassláttur í Grafarvogi, Grafarholti og Úlfarsárdal.

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 5. maí 2025 kl. 10:00 og skiliðu þrjú fyrirtæki inn tilboði.

Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst á EES.

Um er að ræða grasslátt og hirðingu á eyjum og svæðum meðfram götum í austurhluta Reykjavíkur og á opnum svæðum, sjá meðfylgjandi yfirlitskort af framkvæmdasvæði. Um er að ræða grassvæði í Grafarvogi norður, Grafarvogi suður og Grafarholti og Úlfarsárdal og er útboði þessu skipt upp í þrjá útboðshluta og er hver hluti sleginn þrjár umferðir yfir sumarið. Gildistími samnings er eitt ár. Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um tvö ár, eitt ár í senn.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda í hvern hluta, Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. í hluta eitt og þrjú heildarfjárhæð beggja hluta 19.595.638 kr. m.vsk. og Garðlist ehf. að hluta 2 að fjárhæð 11.681.726 kr. m.vsk. Fyrirtækin hafa staðist fjárhagsskoðun skrifstofu fjármálapjónustu og ráðgjafar og tæknilegt mat skrifstofu borgarlandsins.

Virðingarfullst
Hjalti
Hjalti Johannes Guðmundsson
Skrifstofustjóri Borgarlandsins
Umhverfis- og skipulagssvið.

Hjálagt: Opnunarfundargerð